

**Innviðaráðuneytið**  
**Sölvhóls götu 7**  
**101 Reykjavík**

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 2. ágúst 2022

**Umsögn Landverndar um áform um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, mál nr. 131/2022**

Landvernd telur áformin um samræmingu áætlana jákvæð og nauðsynleg og vill koma á framfæri þökkum til innviðaráðuneytisins vegna þessa frumkvæðis. Við gerð opinberra áætlana er nauðsynlegt að almenningur hafi greiða aðkomu og Landvernd vill brýna það fyrir ráðuneytinu að sjá til þess að almenningur og samtök hans verði vel upplýst og ríkt samráð verði í heiðri haft. Þá er einnig nauðsynlegt að hlusta vel á áhyggjur og athugasemdir almennings sem fram koma í umsögnum og aðlaga áætlanirnar í samræmi við þær.

Því miður byrjar ferlið ekki vel með tilliti til öflugs samráðs. Áform um lagasetninguna eru eingöngu opin til umsagnar á tímabilinu 18. júlí til 2. ágúst, á þeim tíma sem stór hluti íslensk samfélags er í sumarleyfi. Þetta bendir því miður ekki til þess að ráðuneytið ætli sér að setja athugasemdir frá almenningi í forgang og Landvernd hvetur ráðuneytið til þess að auglýsa áformin aftur með fresti sem nær hið minnsta til 16. ágúst.

Skipulags- og samgöngumál eru gríðarlega mikilvæg umhverfismál. Hvernig ákvarðanir eru teknar innan þessara málaflokka og áætlanir um þau varða allan almenning vegna áhrifa á umhverfi hans eins og losun gróðurhúsalofttegunda og mannvirkjagerð. Landsskipulagsstefna er dæmi um þetta. Í skjalinu um mat á áhrifum áformanna kemur fram að mat ráðuneytisins sé að áhrif áformanna á umhverfismál og sjálfbæra þróun séu engin. Það er alrangt og þarf að endurskoða.

Landvernd bendir á að í þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar eru: Efnahagslegar, umhverfislegar og samfélagslegar. Því er grundvallaratriði fyrir skipulagsyfirvöld að leggja áherslu á þessar þrjár stoðir og greina öll áform út frá þeim, þannig að markmið ríkisstjórnarinnar í öllum þessum sviðum náist, en ekki eingöngu fjárhagsleg markmið.

Einnig er nauðsynlegt að áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála taki mið af fleiri áætlunum en bara fjármálaáætlun eins og til dæmis aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, náttúruverndarlögum og áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða. Þetta þarf að koma fram í áformunum.

*Með vinsemd og virðingu*

*f.h. Landverndar*

*Auður Önnu Magnúsdóttir*